

**REGLUGERÐ**

um

**hundahald í Ísafjarðarkaupstað.****26**

9. júní

## 1. gr.

Enginn má halda hunda á Ísafirði, nema með sérstöku leyfi bæjarstjórnar.

Skyldur er hver hundaeigandi að hafa helsti á hundum sínum með áletr-uðu Í. S. og tölu. Bæjarsjóður útvegar merkisspjöldin, en lögreglustjóri afhendir þau eigendum hundanna, gegn greiðslu andvirðis þeirra, sem rennur í bæjar-sjóð.

Hver hundur sem haldinn er í heimildarleysi, eða ekki ber fyrirskipað helsti, eða ekki fylgir utanbæjarmanni, er réttdræpur, ef eigandi hirðir hann ekki og greiðir áfallinn kostnað innan viku eftir að hundurinn hefir verið aug-lýstur.

## 2. gr.

Skylt er lögreglustjórninni að hafa sérstakt eftirlit með því, að hunda-eigendur komi hundum sínum til lækninga á hausti hverju samkvæmt því, sem mælt er fyrir í reglugerð bæjarins um lækningu hunda af bandormum.

## 3. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lög-reglumál.

## 4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að 1000 krónum, er renna í bæjarsjóð.

## 5. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórnin á Ísafirði hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 8, 4. júní 1924 og birtist til eftir-breytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. júní 1931.*

**S. Kristinsson.**

---

*Vigfús Einarsson.*